

**Námsáætlun fyrir samfélagsgreinar 9. bekkur**  
**Skólaárið 2020-2021**



**Kennari:** Einar Sveinn Guðmundsson

**Tímafjöldi:** 2 kennslustundir á viku

Námsþættir	Hæfniviðmið	Kennsluhættir	Námsmat
<p>Reynsluheimur – Umhverfi, samfélag, saga, menning: Hæfni nemenda til að skilja veruleikann.</p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Nemandi geti:</li> <li>• Sýnt fram á þekkingu og gagnrýna sýn á tímabil, atburði, persónur, menningartengsl og þróunarferla á ýmsum tímum, sem vísað er til í þjóðfélagsumræðu.</li> <li>• Fjallað á upplýstan hátt um einkenni og stöðu Íslands í heiminum í ljósi legu og sögu landsins og breytilegrar menningar, trúar, lífsviðhorfa og stjórnarfars.</li> <li>• Útskýrt margbreytileika trúarbragða og lífsviðhorfa og greint áhrif þeirra á líf einstaklinga, hópa og samfélaga.</li> <li>• Rætt og borið saman ólík trúar og lífsviðhorf og gert sér grein fyrir hvað er sameiginlegt og hvað sérstætt.</li> <li>• Útskýrt trúarlegar vísanir og tjáningu í listum og bókmenntum.</li> <li>• Ígrundað víxlverkun samfélags, stjórn mála, náttúru, trúar og lífsviðhorfa í tímans rás, í samhengi nærsamfélags og hnattvæðingar.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Kennsla fer fram þannig:</li> <li>• Lesum bókina í tímum(kennari og nem.)</li> <li>• Gagnvirkur lestur (nem. Lesa fyrir hvert annað)</li> <li>• Hópavinna (kynna verkefni)</li> <li>• Nemendur vinna verkefni í hópum og í einstaklingsvinnu, þemavinna.</li> </ul>	<p>Leiðsagnarmat í öllum verkefnum</p> <p>Virkni í umræðum og í vinnu. Hópverkefni og þemavinna metin til einkunnar.</p>

	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Gert sér grein fyrir hlutverki heimilda, sjónarhorna og gildismats í sögu og sameiginlegum minningum.</li> <li>• Fengist við og greint viðfangsefni sem snerta trú, lífsviðhorf og siðferði og tengjast spurningum um merkingu og tilgang lífsins.</li> <li>• Greint áhrif Biblíunnar og helgiritra annarra helstu trúarbragða á menningu og samfélög.</li> <li>• Greint og fjallað um upplýsingar á kortum og gröfum og annars konar myndum.</li> <li>• Séð hvernig sagan hefur mótast af umhverfispáttum og samfélagsskipulagi, þjóðfélagshreyfingum og hugmyndastefnum, viljaverkum og tilviljunum.</li> <li>• Útskýrt með dæmum hvernig sagan birtist í textum og munum, hefðum og minningum.</li> <li>• Sýnt fram á læsi á frásagnir, hefðir, kenningar, hátíðir, siði og tákn kristni og annarra helstu trúarbragða heims.</li> </ul>		
<ul style="list-style-type: none"> <li>• Félagsheimur - Samskipti: Hæfni nemenda til að mynda og þróa tengsl sín við aðra.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Nemandi geti:</li> <li>• Fengist við samfélagsleg og siðferðileg málefni af mismunandi sjónarhólum.</li> <li>• Útskýrt með dæmum margbreytileika mannlífsins og ólíkan bakgrunn fólks, borið virðingu fyrir frelsi fólks til mismunandi trúar, lífsgilda, skoðana og lífshátta.</li> </ul>		<p>Leiðsagnarmat í öllum verkefnum</p> <p>Virkni í umræðum og í vinnu. Hópverkefni og þemavinna metin til einkunnar.</p>

**Námsgögn:**

Sögueyjan 3. hefti.

Um víða veröld-heimsálfur.

Maðurinn og trúin.

Önnur gögn frá kennara.

**Lokanámsmat:**

Að ofan er búið að lista upp þau hæfniviðmið sem verður unnið með þetta skólaár. Nemendur fá endurgjöf frá kennara um framgöngu í námi með fjórum hæfnitáknum og safna þannig á hæfnikort sitt.

Í lok skólaárs verður hæfnin tekin saman og fá þá nemendur bókstafseinkunn, A, B+, B, C+, C, D.